



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á afmælisfagnaði  
björgunarsveitarinnar Brákar  
Borgarnes 22. mars 2019**

Ágæta forystusveit Brákar,  
heiðursfélagar, liðsmenn  
og aðrir góðir gestir

Á sjötugsafmæli skipulegs björgunarstarfs hér í byggðarlaginu færi ég ykkur öllum heillaóskir. Um leið fagna ég því með ykkur að fyrr í dag var skóflu stungið niður og formlega markað upphaf að byggingu nýs húss fyrir hina öflugu og brýnu starfsemi ykkar.

Framtíðin er björt og ekki er verra að björgunarsveitin á sér nú þegar merka sögu. Hana rek ég ekki í þaula hér en nefni þó stofnun slysavarnardeildarinnar Þjóðbjargar fyrir réttum sjö áratugum og þau tímamót sem urðu á sjöunda áratug síðustu aldar þegar björgunarsveitin Brák tók til starfa. Á þessum árum hefir búnaður til björgunar og slysavarna batnað, þekking og þjálfun aukist. Þau hafa verið mörg útköllin, einatt með farsælum lyktum, en stundum hafa menn orðið að játa sig sigraða. Slíkt er og verður eðli björgunarstarfa.

Alltaf býr að baki sami viljinn til að leggja öðrum lið, koma til aðstoðar, hjálpa fólki í neyð. Segja má að þau sannindi liggi líka í nafni sveitarinnar og örlögum Brákar sem hún er nefnd eftir. Þorgerður brák, hin keltneska ambátt sem gætti Egils Skallagrímssonar á barnsaldri, galt jú með lífi sínu þegar hún bjargaði drengnum frá ofsa föður síns. Nú vitum við einnig að Egill var ekki barnanna bestur á sínum æskudögum en lífið færði honum þroska og vit. Fáir hafa ort betur um sorg og missi, megi marka Egils sögu, þó það reyndist honum erfitt. „Vér verðum hylja harm,“ kveður hann um missi bróður síns á miðjum aldri. Eins bregst hann fyrst við ellihrumur þegar annað áfall ríður yfir, sonurinn Böðvar drukknað með skipi sem fórst hér skammt frá. „Þá hljóp á útsynningar

steinóði en þar gekk í móti útfallsstraumur,“ segir í sögunni: „Gerði þá stórt á firðinum sem þar kann oft verða.“

Hinn aldni höfðingi bugaðist, læsti sig af í lokrekkju uns Þorgerður dóttir hans – nefnd eftir Þorgerði brák – taldi hann á að færa sorg sína frekar í orð. „Mjög erum tregt, tungu að hræra.“ Þannig hefst hið magnaða og mergjaða harmljóð Egils, Sonatorrek. Þar yrkir norrænt skáld kannski í fyrsta sinn um eigin tilfinningar. Egill opnar sig, svo að notað sé tungutak okkar tíma. „Hann veltir þyngsta farginu af sér með því að segja harm sinn allan,“ sagði Sigurður Nordal á sínum tíma, og bætir svo við: „Hann segir frá hefndarhug sínum og magnleysi í átakanlegustu vísum sem eg hef lesið – átakanlegustum af því hversu sterkur maðurinn er sem hefur verið beygður.“

Ágætu liðsfélagar Brákar! Við Íslendingar hefðum aldrei náð að lifa í þessu harðbýla landi án samvinnu og samúðar, þeirrar samkenndar sem þær nöfnur Þorgerður brák og Þorgerður Egilsdóttir sýndu á sínum tíma. Hefðu sérplægnin og sérgæskan einar fengið að ráða hefði snemma orðið úti um okkur.

Nú um stundir reiðum við okkur á björgunarsveitir og aðra sem hika ekki við að hlaupa til aðstoðar þegar nauðsyn krefur. Á heimasíðu Landhelgisgæslunnar er núna vakin athygli á sérlega hárrí sjávarstöðu og stórstreymi í dag, með hvössum suðvestan- og vestanáttum og hárrí ölduhæð. Með öðrum orðum: Það gæti hlaupið á útsynningar steinóði og gert stórt á firðinum. Sjófarendur gætu lent í vanda, ferðalangar á landi sömuleiðis, ekki síst okkar erlendu gestir sem eru ekki endilega vanir snöggum veðrabrigðum.

Við þörfnumst því björgunarsveita sem aldrei fyrr. Við þörfnumst fólks sem vill leggja öðrum lið þegar í nauðir rekur – og ekki aðeins svo að mannlífum verði bjargað heldur einnig svo að við getum sýnt okkur sjálfum að þrátt fyrir allan okkar ágreining er það meira sem sameinar okkur en hitt sem sundrar – samkennd og samstaða sem eflir hvern og einn og samfélagið allt.

Kæru vinir: Ég ítreka hamingjuóskir til Björgunarsveitarinnar Brákar. Farnist ykkur áfram vel, landi og lýð til heilla.